

5. Einelti

Öll hrekkjusvín eru dulbúnir hugleysingjar!



Málefni	Mismunun, ofbeldi
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	7–13 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	5–20 börn
Tegund verkefnis	Umræður ásamt hreyfileikjum
Yfirlit	Börnin ræða um einelti og taka síðan afstöðu og sýna hvornig þau myndu bregðast við ýmiss konar einelti
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka skilning á ýmiss konar einelti • Að tilgreina aðferðir, fólk og samtök sem geta komið börnum sem lögð eru í einelti til hjálpar • Að skilgreina ýmiss konar viðbrögð við einelti
Undirbúningur	Gefðu fjórum hornum stofunnar númerin 1–4. Auðvelt á að vera fyrir börnin að fara úr einu horni í annað.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Svæði þar sem börnin geta setið í hring • Pappír í ýmsum litum • Merkipennar • Skæri

Leiðbeiningar

- Segðu börnunum að fjallað verði um einelti og notaðu spurningar á borð við:
 - Hvað er einelti?
 - Á hvern hátt leggur fólk aðra í einelti?
 - Hvers vegna haldið þið að fólk leggi aðra í einelti?
 - Hvaða áhrif hefur einelti á þá sem fyrir því verða? En þá sem beita því? Allt samfélagið?
- Segðu börnunum að draga útlínur af annarri hendinni á litað blað og klippa síðan út. Svo eiga þau að hugsa sér að hver fingur tákni einhvern sem þau geta leitað til ef þau verða fyrir einelti (t.d. vin, foreldri, kennara, skólastjóra, lögreglu, ráðgjafa, systkini). Segðu börnunum að gera grein fyrir því hvaða aðila þau völdu sér.
- Skýrðu fyrir þeim að nú ætlir þú að skoða á hvern hátt fólk geti brugðist við í aðstæðum þar sem einelti á sér stað. Sýndu hvornig það fer fram.
 - Leiðbeinandi les upp lýsingu af einelti. Þrjú svör koma til greina við hverjar aðstæður. Fjórða svarið er alltaf opið ef ykkur dettur eitthvað annað í hug.
 - Öll horn stofunnar eru merkt með númeri. Þegar þið eruð búin að heyra af aðstæðum og þau svör sem til greina koma skuluð þið fara í hornið sem sýnir hvað þið mynduð gera við þær aðstæður.
- Lestu upp lýsingu á eineltinu og gefðu börnunum tíma til að velja sér svar og fara í það horn sem við á. Þegar börnin eru búin að taka sína afstöðu skaltu spyrja nokkur börn í hverju horni hvers vegna það svar varð fyrir valinu hjá þeim og hvaða kostir og gallar fylgja því. Leyfðu börnunum sem fóru í „opna“ hornið að gera grein fyrir sínu vali.



Samantekt og mat

- Þegar búið er að fara í gegnum fimm eða sex dæmi um einelti skaltu fara yfir verkefnið og spyrja spurninga á borð við:
 - Hvað fannst ykkur um þetta verkefni?
 - Var erfitt að bregðast við einhverjum aðstæðum? Hvaða aðstæðum og hvers vegna?
 - Kannastu við einhverjar af þessum aðstæðum?
 - Þarf fólk sem verður fyrir einelti á hjálp og stuðningi að halda? Hvers vegna?
 - Hvar getur fólk sem verður fyrir einelti fengið hjálp og stuðning?
 - Nefnið einhverjar ástæður þess að fólk leggi aðra í einelti. Eru þær réttmætar?
 - Hvað ættuð þið að gera ef þið væruð lögð í einelti og sá sem þið leitið til um hjálp gerir ekkert í málinu?
 - Er eitthvert einelti litið mildari augum en annað af börnum og fullorðnum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - Hverjum ber að hjálpa börnum sem verða fyrir ofbeldi?
 - Getur fullorðið fólk líka orðið fyrir einelti? Nefnið dæmi?
 - Hverjum ber að hjálpa fullorðnum sem verða fyrir ofbeldi?
 - Hvernig er hægt að hjálpa þeim sem leggja aðra í einelti við að breyta hegðun sinni?
 - Hvað gerist ef enginn stöðvar þá aðila sem leggja aðra í einelti? Hvað með gerandann? Hvað með samfélagið?
- Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - Eiga allir rétt á að leggja aðra í einelti? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - Hvaða mannréttindum er hægt að brjóta á með því að leggja einhvern í einelti?
 - Að hvaða leyti njóta allir meiri mannréttinda þegar einelti er úr sögunni?
- Í lok þessarar samantektar skaltu biðja börnin að skoða aftur „hjálp afhendur“ sínar og bæta við einhverjum aðila eða samtökum sem þeim dettur í hug að þau gætu leitað til um aðstoð ef þau yrðu fyrir einelti. Hengdu „hjálp afhendurnar“ upp einhvers staðar í stofunni svo að börnin geti leitað til þeirra síðar.

Tillögur um framhald

Ef þú vilt fjalla meira um ofbeldi geturðu látið börnin gera verkefnið „Myndrænn flótti frá ofbeldi“, bls. 153. Í verkefninu „Orð sem særa“, bls. 160, er einnig fjallað um andlegt ofbeldi og það má annaðhvort vinna á undan eða eftir þessu verkefni.

Hugmyndir um aðgerðir

- Ræddu við börnin um hvernig þið getið skipulagt herferð gegn einelti og fengið aðila úti í samfélaginu til að taka þátt í henni. Það væri til dæmis hægt að setja upp sýningu, bjóða einhverjum sérfræðingi frá hjálparsamtökum að koma og ræða við börnin og/eða tilgreina einhvern fullorðinn aðila í skólanum sem lykilpersónu sem hægt er að leita til um hjálp.
- Búið til leikrit saman þar sem fram kemur hvernig börn geta brugðist við þegar þau verða fyrir ofbeldi og leikið það fyrir aðra krakkahópa.
- Kanna má hvort börn sem verða fyrir einelti geta hringt í neyðarlínu. Kanna má til hvaða aðila börn geta snúið sér til að fá aðstoð í viðkomandi sveitarfélagi. Láttu börnin fá þessar upplýsingar á meðan þau eru að fást við verkefnið og bjóddu einhverjum þessara aðila að koma og ræða við börnin, ef kostur er.



Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Sýndu börnunum töfrastaf/talsprota eða eitthvað sem á að tákna hljóðnema svo að þeir sem vilja fá orðið biði þar til röðin kemur að þeim.
- Gera má ráð fyrir að einhvers konar einelti eigi sér stað meðal barnanna í hópnum. Einelti snertir öll börn að einhverju leyti og getur komið fram á ýmsa vegu. Vertu vakandi fyrir aðstæðum sem kunna þegar að vera fyrir hendi í hópnum og reyndu að leiða hjá þér allar persónulegar aðstæður.

Breytingar

- Skrifðu niður dæmi um einelti sem börnin geta sett í samhengi við eigin reynslu í stað þess að nota meðfylgjandi dæmi.
- Skiptu börnunum í litla hópa, láttu hvern hóp fá eitt dæmi um einelti og segðu þeim að leika bæði eineltið og viðbrögðin við því. Fjallaðu svo stuttlega um hvert atriði og spyrðu hina hópana hvort þeir hefðu brugðist öðruvísi við.

EFNI TIL DREIFINGAR: DÆMI UM EINELTI

Vinir þínar fara að uppnefna þig, senda þér andstyggileg smáskilaboð og neyða þig til að gefa sér ýmislegt. Þér líður ekki vel þegar þetta á sér stað. Hvað ættir þú að gera?

1. Ekkert. Þú hlýtur að hafa gert eitthvað rangt fyrst vinir þínir koma svona fram við þig.
2. Farðu líka að uppnefna þá og hóta þeim öllu illu.
3. Talaðu við foreldra þína eða kennara og segðu þeim hvað er í gangi.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Nokkrir krakkar í bekknum þínum eru að bera út óhróður um þig með því að senda smáskilaboð í allar áttir. Nú vilja margir ekki leika við þig og jafnvel ekki tala við þig. Jafnvel vinir þínir eru farnir að halda að eitthvað kunni að vera til í þessu. Hvað ættir þú að gera?

1. Ekkert. Enginn mun trúá þér ef allir halda að kjaftasagan sé sönn.
2. Farðu að bera út óhróður um hina krakkana.
3. Segðu öllum að sögurnar um þig séu ekki sannar.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Eldra systkini þitt er alltaf að kýla þig og sparka í þig þegar enginn sér til og segir við þig að ef þú kjaftir frá muni hann/hún bara meiða þig enn þá meira. Hvað ættir þú að gera?

1. Segja foreldrum þínum eða kennara hvað er í gangi.
2. Biðja vini þína í skólanum að ráðast á hann/hana með þér.
3. Segja henni/honum að hætta þessu því að þetta sé vont.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Kennarinn segir alltaf að þú sért „kjáni“ þegar þú kemur ekki með rétt svör í skólanum og segir að það þjóni engum tilgangi að kenna þér því að þú getir ekkert lært. Krakkarnir eru líka farin að kalla þig ýmsum illum nöfnum. Hvað ættir þú að gera?

1. Fara beint til skólastjórnenda og segja þeim hvað er í gangi.
2. Fara að skrópa úr tímum því að þér finnst ömurlegt í skólanum.
3. Spyrja foreldra þína hvort þú getir skipt um bekk eða skóla.
4. Eitthvað annað (opna hornið).



EFNI TIL DREIFINGAR: DÆMI UM EINELTI

Þú tekur eftir því að vinir þínir eru farnir að stríða yngri krökkunum í sumarbúðunum. Vinur þinn er meira að segja farinn að stela frá þeim. Hvað ættir þú að gera?

1. Segja flokkstjórunum hvað er í gangi án þess að vinur þinn viti af því.
2. Hjálpa vini þínum að stela frá yngri krökkunum ef hann/hún byrjar að stela frá þér.
3. Segja vini þínum að þér finnst hann/hún koma illa fram og litlu krakkarnir eigi að fá að vera í friði.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Eldri krökkum úr öðrum skóla finnst gaman að stríða litlu krökkunum í skólanum þínum. Þeir sitja um barn sem er á heimleið eða bíður eitt eftir strætó, umkringja það og taka af því peninga, nesti eða leikföng. Þeir kasta líka steinum í barnið og hóta því öllu illu. Hvað ættir þú að gera?

1. Gæta þess að vera samferða öðrum úr og í skóla.
2. Segja kennurunum í skólanum hvað er í gangi og biðja um hjálp.
3. Hafa steina eða hníf á þér til að geta varið þig.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Það er nýr strákur í bekknum þínum sem er flóttamannabarn. Vinir þínir eru með kynþáttafordóma gagnvart honum, gera grín að því hvernig hann talar og segja honum að hypja sig aftur heim til sín. Hvað ættir þú að gera?

1. Taka þátt í þessu, hann er ekki vinur þinn svo að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af honum.
2. Segja kennaranum að vinir þínir séu með kynþáttafordóma gagnvart honum.
3. Þjóðast til að kenna honum tungumálið þegar þú ert ekki að leika þér svo að hann eigi auðveldara með að aðlagast hópnum.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Þú hefur verið að stríða einum vina þinna vegna þess að hann er svo lélegur í lestri og skrift og tekur eftir að hann er farinn að sitja einn út af fyrir sig. Eitt sinn sérðu að hann er með tár í augunum. Hvað ættir þú að gera?

1. Ekkert, hann er líklega bara eitthvað leiður í dag og það hefur ekkert með þig að gera.
2. Hættu að stríða vini þínum og spyrðu hann hvers vegna hann sé að gráta.
3. Segðu honum að þú ætlir ekki að stríða honum oftar fyrir framan hina, en að hann standi sig ekki nógu vel og ætti að fara í aukatíma.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

Þú átt stjúpróður sem er eldri en þú og þykir ósköp vænt um þig. Hann vill alltaf vera að kyssa þig og knúsa en þótt þér líki vel við hann finnst þér þetta óþægilegt. Hvað ættir þú að gera?

1. Segja pabba þínum eða mömmu, eða öðru systkini, frá því.
2. Sýna mótþróa og lemja hann alltaf þegar hann gerir það.
3. Fordást hann og reyna að halda þig sem lengst frá honum.
4. Eitthvað annað (opna hornið).

